



Pátttaka yngri iðkenda í eldri flokkum

Stefnt er að því að leikmenn sem hafa þroska og hæfni til að leika með sér eldri leikmönnum fái möguleika á því. Þjálfari, yfirþjálfari og foreldrar skulu taka ákvörðun um hvað teljist verkefni við hæfi þegar um framúrskarandi leikmann er að ræða. Ákvarðanir um ofangreinda tilfærslu er alltaf í höndum yfirþjálfara og þjálfurum viðkomandi flokka. Í öllum tilvikum ber að leita eftir samþykki iðkenda og forráðamanna hans/hennar áður en tilflutningur verður. Þjálfarar verða að vera tilbúnir að rökstyðja ósk sína um tilflutning fyrir yfirþjálfara, leikmönnum síns flokks og forráðamönnum þeirra.

Vinnureglur vegna þátttöku yngri leikmanna í eldri flokkum

Markmið:

- Auka hæfni leikmanna með því að finna þeim krefjandi verkefni.
- Auka leikskilning og leikþroska leikmanna með því að æfa og spila með leikmönnum sem lengra eru komnir.
- Auka gæði æfinga og leikja í eldri flokkum.

Æfingapátttaka:

- Stefnt er að því að leikmenn sem hafa þroska og hæfni til að æfa með sér eldri leikmönnum fái möguleika á því. Þó skal alltaf haft í huga að leikmaðurinn sinni fyrst og fremst æfingum með sínum

flokki, en fái leyfi til að æfa með sér eldri flokki þegar slíkt er mögulegt – iðkandi sleppir þá æfingu á mótí í sínum flokki.

- Möguleiki á samkeyrslu æfinga, á þann hátt að flokkar eigi æfingartíma einu sinni í viku. Leikmaður á að sinna hluta æfingarinnar með sér eldri flokki.
- Þjálfari þarf að skila eyðublaði á skrifstofu til undirritunar fyrir foreldra, yfirþjálfara og forráðamenn félagsins vegna æfinga iðkenda með eldri.